



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 9. maí 2011

Umsögn til menntamálanefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 með síðari breytingum Þskj. 1290 - 747. mál á 139. löggjafarþingi 2010–2011

Eðlilegt er að megináhersla undirritaðs sé á skjalavörslumálefni í þessari umsögn, en hér er þó farið aðeins víðar, þar sem bókmennungur leggur mikilsverðan almennan grunn að þeirri ritmenningu sem skjalasöfn og skjalavarsla spretta upp úr. Menningarstefna sem gerir ráð fyrir öflugum bókasafnsstarfi í grunnskólum er í þágu opinberra skjalasafna, þótt með óbeinum hætti sé.

Héraðsskjalasöfnin í landinu eiga að taka til varðveislu skjalasöfn grunnskóla þar sem þeir eru reknir af eða á vegum sveitarfélaga. Það hlutverk er á grundvelli laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Um rétt til aðgengis að skjölum í vörslu héraðsskjalasafna fer að upplýsingalögum nr. 50/1996. Mikilsvert er að stutt sé við þetta í grunnskólalöggjöfinni þannig að rekstrarform verði ekki til mismununar hvað snertir rétt borgaranna til skjala.

3. grein laganna, a. liður.

Það er gleðiefni að sett skuli aftur ákvæði um rekstur skólabókasafna inn í lög um grunnskóla. 54. grein brottfallinna grunnskólalaga nr. 66/1995 hljóðar svo:

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Skólasafn er eitt af meginhjálp-tækjum í skólastarfinu og skal búnaður safnsins varðandi húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfsfólk taka mið af því.

Sveitarstjórn er heimilt að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það, að mati skólanefndar og skólastjóra, rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann.

Í fyrirleggjandi frv. er talað um „skólasafn“. Eðlilegt er, þar sem um er að ræða bókasafn, að þetta verði kallað skólabókasafn, enda sé safnkostur þess út yfir



hefðbundnar bækur ágætlega skilgreindur í greininni að öðru leyti. Ég tel í þessu felast rugling við annars konar söfn á íslensku, þar á meðal skjalasöfn, en í héraðsskjalasöfnum mætti í hæsta máta telja varðveitast „nýsigögn auk annars safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla“ þar sem skjalasöfnum grunnskóla á skv. lögum að skila þangað.

Skólasafnsorðið kynni einnig að verða grundvöllur þess að ekki verði ráðnir fagmenntaðir bókaverðir að þessum söfnum, að ódýrt ófaglært vinnuafli hangi á spýtunni. Það er óviðunandi.

Því er lagt til að a liður hljómi svo:

Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Í öllum grunnskólum skal gera ráð fyrir skólabókasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum og öðru fræðsluefni er tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla. Við bókasafnið skal starfa fagmenntaður bókavörður.

Einnig þyrfti að setja reglur um lágmarksstærð í bindafjölda bóka fyrir þessi söfn í samræmi við stærð skóla, einnig um annan safnkost og aðstöðu. Því þurfa að vera viðmiðunarreglur um bókakost þeirra þannig að þetta verði ekki lítil kompa með örfáum gömlum bókum, einum uppstoppuðum fugli og aflóga tölvuskrifli til að uppfylla skilyrði laga að nafninu til. Því er lögð til viðbót við a. liðinn:

Skal menntamálaráðherra að höfðu samráði við sérfræðinga setja í reglugerð lágmarkskröfur um bindafjölda bóka í skólabókasöfnunum og nánari meginviðmið um samsetningu bókakostsins og aðra þætti í starfsemi þeirra í hlutfalli við stærð skóla og með hliðsjón af þjónustuhlutverki þeirra við skólastarf og nemendur. Þar sem almenningsbókasafn sinnir hlutverki skólabókasafns skal þess gætt að þessi viðmið séu virt. Skal ráðuneytið hafa eftirlit með því hvernig þessu er framfylgt.

Með þessu er lögð skylda á herðar sveitarfélaga sem afnumin var með grunnskólalögum 2008 að undirlagi menntamálaráðuneytisins, án rökstuðnings og skýringa. Þetta afnám hefur sumstaðar haft tjón í för með sér á þeim skólabókasöfnum sem starfrækt voru fyrir. Því er nauðsynlegt að ríkið styðji sveitarfélögin með stofnfjárframlögum til þess að koma skólabókasöfnum aftur á laggirnar eða bæta skaða sem orðið hefur á þeim vegna afnámsins. E.t.v. er nauðsynlegt að taka saman skýrslur um stöðu bókasafnanna og afleiðingar afnámsins í því samhengi.



Einnig er nauðsynlegt að horft verði til rekstrarframlaga ríkisins til sveitarfélaga vegna grunnskóla í þessu samhengi og þau aukin sem aukningu kostnaðar nemur að þessu leyti.

Að setja svo mikilvægt menningarstarf einvörðungu undir þá grein laganna er snýr að húsnæðismálum er óviðunandi, þannig að athuga ætti að hafa sérstaka grein um skólabókasöfn líkt og í lögum nr. 66/1995 (54. gr.) auk þess að nefna þau í sambandi við skólahúsnæði (19. gr.) eins og einvörðungu er gert í fyrirliggjandi frv.

8. grein laganna

Tryggja verður að skjalasöfn mynduð á vegum grunnskóla sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum varðveitist á sama hátt í héraðsskjalasöfnum og skjalasöfn þeirra grunnskóla sem reknir eru beint af sveitarfélögum. Einnig verður aðgengi að skjölum grunnskóla, hvernig sem rekstrarformi þeirra er háttað, að vera tryggt almenningi og einstaklingum á sama hátt.

Öll skjöl og skjalasöfn er myndast við og vegna starfsemi grunnskóla, hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu sjálfu eða af öðrum aðilum á grundvelli þjónustusamnings við sveitarfélagið, ættu að teljast eign viðeigandi sveitarfélaga í grunnskólalögum. Frágangur, skráning og aðgengi skjala ætti að vera með sama hætti og lúta sömu lögum og reglum hvort sem grunnskólar eru reknir af sveitarfélögum eða gerður um þá þjónustusamningur.

Þetta þarf að festa í lögum m.a. sem skilyrði fyrir viðurkenningu ráðuneytisins á grunnskólunum og með skyldu til að kveða á um þetta í þjónustusamningum sveitarfélaga um rekstur grunnskóla. Kveða ætti á um að ganga eigi frá skilum skjala til viðeigandi héraðsskjalasafns áður en þjónustusamningi lýkur, sé fyrirsjáanlegt að hann verði hvorki framlengdur né gerður nýr í hans stað á milli sveitarfélags og rekstraraðila.

Sé þetta ekki tryggt í lögum er hætt við að skjöl og gögn sem sjálfsagt er talið að varðveitist í skjalasöfnum grunnskóla á héraðsskjalasöfnum fari forgörðum.

Virðingarfyllst,

Hrafn Sveinbjarnarson
héraðsskjalavörður